

Punktur frá foreldrafundi

Starfið í Lóni 2018-2019

Dagskipulagið okkar

Við byrjum morgnana á frjálsum leik og stundum einnig fínhringum (púsl, pinnar, litir).

Um 8:20 er valinn þjónn sem fer fram með starfsmanni að sækja morgunverð á meðan hin fara í samverustund þar sem við syngjum saman, förum yfir daga, mánuð og árstíð og hittum dygðabruðuna Frosta þegar hún er á ferðinni (Dygðin á haustönn er hugrekki og á vorönn glaðværð.) Þegar þjónninn kemur aftur telur hann krakkana, klappar atkvæði í nöfnum þeirra og fer yfir táknin áður en hann býður þeim að setjast til borðs.

Eftir morgunmatinn förum við í hópastarf þar sem börnin eru í aldurskiptum hópum. Einn hópur fer í könnunarleik sem er í hvíldarkrók (frjáls leikur með efnivið sem ekki telst til barnaleikfanga. (Lyklar, keðjur, perlur, dósir, lok svo fátt eitt sé nefnt)

Einn hópur fer í fataherbergi þar sem við förum í málörvun lesum og spjöllum, förum í „veiðileik“ þar sem við erum að veiða t.d. dýr, fatnað eða farartæki. Þegar líður á veturinn förum við að fá Lubba í heimsókn en hann kemur með málbein og leggur inn hjá okkur máhljóð (a, m, n og b). Þar erum við líka með tónlistarkörfuna okkar, æfum okkur að spila á þau og syngja með og fimmtudögum erum við með hrísgrjónakarið okkar þar.

Tveir síðustu hóparnir eru í frjálsum hlutverkaleik á deild (heimiliskrökur, dýr, tölvur, snyrtidót)

Eftir hópastarf fáum við okkur ávexti og förum svo út ef veður leyfir ☺

Á miðvikudögum erum við með sal þar sem við leikum okkur m.a með púða og bolta og listakrök þar sem við framleiðum hin ýmsu listaverk, oft árstíðabundin eða tengd einhverjum upptökum en oft líka bara eitthvað út í loftið.

Á föstudögum fara allar deildir í vinastund í sal, Anna Jóna mætir með gítarinn og allir syngja saman. Sé ekki veður til útiveru eftir söng þá höfum við stundum opið milli deilda og er þá salurinn okkar heimasvæði. Þá eru einnig ýmsar upptökum, t.d. leikfangadagar, einhver litadagur eða hattadagur svo fátt eitt sé nefnt.

Þegar börnin eiga afmæli fá þau kórónu og fáni er settur á borðið þeirra. Þau eru þjónar og sungið er fyrir þau. Einnig er sungið fyrir þau í vinastund.

Foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl verða tekin einu sinni á önn það fyrra í nóvember og það seinna í ca. mars. Viðtöl deildarinnar verða öll tekin á einum degi og gerum við ráð fyrir ca 15-20 mín., þurfi foreldrar lengri tíma þá er ekkert mál að óska eftir því og koma þá á öðrum degi.

- ❖ Við tökum svokallaðan Trasskráningarlisti TRAS er athugun í skráningarformi á málhegðun hjá börnum á ákveðnum aldri. Skráningin hefst þegar barnið er rúmlega 2 ára (2,2 ára) og lýkur við fimm ára aldur. Prófið er tekið tvisvar á ári, með 6 mánaða millibili þar sem skráð eru svör við ákveðnum spurningum um málþroska barnanna. Hvert barn á sitt skráningarblað sem fylgir því upp í gegnum leikskólann. Með þessum skráningum er hægt að skima eftir frávikum í máli og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi og snemmtæka íhlutun í huga.

Markmið með TRAS skráningarlistanum er:

- Að unnt sé að grípa inn í með skjóta og markvissa aðstoð ef grunur vaknar um frávík.
- Að foreldrar og aðrir fullorðnir í umhverfi barns fái ráðgjöf og leiðbeiningar. Það getur dregið úr áhyggjum og gefið innsýn í hvernig best sé að hjálpa barninu.
- Að reynt sé að fyrirbyggja að önnur vandamál komi upp sem tengjast því að barn hafi ekki fengið aðstoð vegna málþroskafrávika.

Við leikskólann er starfandi þroskaþjálfari, verkefnastjóri námsaðlögunar sem við getum alltaf leitað til ef okkur vantar góð ráð ef vinna þarf sérstaklega með einhvern þroskaþátt hjá einhverju barninu eins og t.d. málþroska eða félagsþroska.

Við vinnum líka með SMT sem er jákvæð styrking á hegðun barnanna, lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra, æskilega hegðun)

Hér á yngra leggjum við inn fjórar reglur hjá börnunum samkvæmt SMT, þær eru:

Að hafa hendur og fætur hjá sér

Að taka saman

Að ganga inni

Að nota inniröddina

Þessar reglur eru sýnilegar á veggjunum hjá okkur, og eru þær lýsandi í starfinu okkar.

Í leikskólanum okkar eru börn af ýmsum þjóðernum og þess vegna erum við með fjölmeningardaga. Hvert land fær hálfan mánuð þar sem fjallað er um landið og ein máltíð elduð eftir uppskrift frá landinu. Nokkrar myndir frá landinu verða á töflunni hjá okkur og fáni landsins verður á vegg inni á deild.

Við erum með framfaramöppur sem fylgja börnunum í gegnum skólann. Það sem fer í þessar möppur eru t.d. framfara-teikningar, sem börnin gera í október og apríl, afmælismyndir og fleira.

Ef við tökum þetta aðeins saman þá er rauði þráðurinn í starfinu okkar með þennan aldur að: Æfa góð samskipti, að leika saman, vera í hóp, skiptast á, bíða, hjálpast að, að vera vinir. Gefa þeim orð á hluti og athafnir og fá þau til að endurtaka. Einnig æfum við litina, teljum, æfum líkamsheiti, dagana og mánuðina og börnin æfa sig í að klæða sig sjálf.

Nokkrir punktar:

- Fari óhrein föt heim með börnunum er gott að foreldrar geri ráð fyrir að koma með samsvarandi daginn eftir (gleymist stundum að setja miða á hólfið yfir hvað vantar)
- Taka skal upp úr töskunum á mánudögum og hólfín eiga að vera tæmd á föstudögum.
- Þegar börnin eiga afmæli fá þau kórónu og fáni er settur á borðið þeirra. Þau eru þjónar og sungið er fyrir þau. Einnig er sungið fyrir þau í vinastund.
- Tilkynna skal um veikindi og frí og ef einhver annar sækir. Vekjum athygli á því að sá sem sækir þarf að hafa náð 12 ára aldri.
- Við þjóðum ekki uppá inniveru til að fyrirbyggja veikindi, en getum alltaf stytt útiveru. Við hringjum ef barnið er mjög ólíkt sjálfu sér og/eða ef það er komið með hita.
- Við gefum ekki lyf í leikskólanum. Undantekning þar á er púst.
- Uppákomur eru auglýstar á útihurð með 2ja daga fyrirvara, gott að fylgjast líka með á heimasíðu/facebook ef gleymist að auglýsa á hurð ☺
- Starfsmannafundur og skipulagsdagur eru auglýstir með viku fyrirvara á hurð en eins og með uppákomur þá er líka gott að fylgjast með á heimasíðu/facebook og eins er miði í fataherbergi með öllum fundum skólaársins.

Við hvetjum ykkur til að skoða upplýsingatöfluna og auglýsingar í fataherbergi. Skoða heimasíðuna, þar er t.d. foreldrahandbókin og leikskóladagatal, líka síðu

leikskólans og einnig kíkjá á facebooksíðuna okkar
<https://www.facebook.com/groups/2119836768255156/>

Ýmsar breytingar eru í gangi hjá okkur vegna nýrra persónuverndarlaga og hugsanlega þurfum við að loka þessum síðum en á meðan þær eru opnar þá notum við þær.

Að lokum viljum við hvetja ykkur til að láta okkur vita ef þið eruð ekki ánægð, oft þarf ekki mikið til að breyta því en við þurfum þá að vita af því. Eins megið þið auðvitað láta vita ef þið eruð ánægð ☺